



BA ritgerð

Íslenska

Æska, sjálf og saga

Um þrileikinn *Sitji guðs englar* og þrenningu sjálfisævisögunnar

Diljá Þorbjargardóttir

Leiðbeinandi Helga Birgisdóttir
Júní 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska

Æska, sjálf og saga

Um þrileikinn *Sitji guðs englar* og þrenningu sjálfsævisögunnar

Ritgerð til B.A.-prófs

Diljá Þorbjargardóttir

Kt.: 041099-2089

Leiðbeinandi: Helga Birgisdóttir

Mái 2021

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Fjallað er um bækurnar *Sitji guðs englar*, *Saman í hring* og *Scenginni yfir minni* eftir Guðrúnu Helgadóttur út frá kenningum sjálfsævisagnafræða. Rannsakað er hvernig þrír þættir sjálfsævisögunnar, ævi, sjálf og saga, birtast í þrileik Guðrúnar. Þar sem fengist er við kenningar um sjálfsævisögur er nauðsynlegt að fjalla um hvaða bókmenntagrein þrileikurinn tilheyrir. Í þessu samhengi eru hugtökin sjálfsævisaga, skáldævisaga og bernskuminningar sérstaklega skoðuð. Þrileikurinn hefur einkenni sem tengist öllum þessum bókmenntagreinum enda eru þær nátengdar. Guðrún Helgadóttir byggir söguna á bernsku sinni og blandar sannleikanum saman við skáldskap. Sjálfið í sögunni birtist fyrst og fremst í aðalpersónunum þremur, Heiðu, Lóu-Lóu og Öbbu hinni, sem hafa allar sín persónueinkenni og mynda saman eitt heilsteypt sjálf. Þrileikurinn sem saga er barnabók sem allir lesendur geta haft gaman af.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
1. Inngangur.....	3
2. Sannleikur og skáldskapur.....	5
2.1 <i>Sitji guðs englar sem sjálfsævisaga</i>	5
2.2 <i>Sitji guðs englar sem skáldævisaga</i>	10
3. Sjálf og sjálfsmyndir í <i>Sitji guðs englar</i>	13
3.1 <i>Heiða, Lóa-Lóa og Abba hin: Þrjár persónur sem mynda eina heild</i>	13
3.2 <i>Yfirsjálfíð Heiða</i>	16
3.3 <i>Sjálf í sjálfsævisögum: Frásagnarsjálf, raunverulegt sjálf og sjálf sögumannsins</i>	16
4. Fegrun æskunnar: Barnabókmenntir og bernskuminningar	20
4.1 <i>Sitji guðs englar sem barnabók</i>	20
4.2 <i>Bernskuminningar Guðrúnar Helgadóttur</i>	22
4.3 <i>Mikilvægi sögunnar</i>	23
Lokaorð.....	25
Heimildaskrá.....	27

1. Inngangur

Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og stjórnmalakona, fæddist árið 1935 í Hafnarfirði og ólst þar upp á stríðsárunum. Guðrún hefur skrifað fjöldamargar bækur handa börnum og fyrsta bók hennar, *Jón Oddur og Jón Bjarni*, kom út árið 1974. Bækur Guðrúnar *Sitji guðs englar*, *Saman í hring* og *Sænginni yfir minni* komu út á árunum 1983, 1986 og 1987. Birna Bjarnadóttir hefur kallað þrileikinn minningasögur Guðrúnar því hún byggir söguna að miklu leyti á æsku sinni.¹

Þrileikurinn segir frá lífi barnmargrar fjölskyldu í Hafnarfirðinum á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Pabbinn í fjölskyldunni er sjómaður sem vinnur svo mikið að hann sést varla heima hjá sér. Móðirin er heimavinnandi en hún er oft ólétt og liggur mikið uppi í rúmi og les ástarsögur. Amman og afinn, foreldrar móðurinnar búa með fjölskyldunni. Þau fara með bænirnar með börnunum fyrir svefninn en að öðru leyti hjálpa þau lítið til með þau. Því þurfa börnin að sjá mikið um sig sjálf og lenda í ýmsum vandræðum og ævintýrum. Nágrannar og vinir fjölskyldunnar eru líflegar og fjölbreyttar persónu og eiga stóran þátt í að gera bækurnar áhugaverðar og skemmtilegar. En lesendur fá best að kynnast systrunum þremur sem eru aðalpersónur bókanna.

Í fyrstu bókinni er elsta systirin, Heiða, aðalpersónan. Hægt er að sjá ákveðin líkindi á milli Heiðu og Guðrúnar, höfundi þrileiksins.² Jafnvel er hægt að kalla Heiðu bókmenntalegan staðgengil hennar. Í annarri bókinni er aðalpersónan Lóa-Lóa og í þeirri þriðju er aðalpersónan yngsta systirin, Abba hin. Systurnar eru ólíkar og hafa allar sín eigin persónueinkenni og þess vegna er áhugavert að bera saman bækurnar og skoða hvernig sagan breytist eftir því hvaða systir er aðalpersóna sögunnar. Þar sem Heiða á margt sameiginlegt með Guðrúnu er freistandi að kalla söguna sjálfsævisögu.

Rannsóknarsaga sjálfsævisagna skiptist í þrennt. Fyrstu fræðimennirnir höfðu áhuga á ævinni og því hvort rithöfundar segi sannleikann í sjálfsævisögum sínum. Sjálfið var í forgrunni hjá annarri kynslóð fræðimanna. Þriðja kynslóð fræðimanna beindu sjónum sínum að sögunni sjálfri.³ Hér verður leitast við að svara eftirfarandi spurningu: Hvernig birtist þrenning sjálfsævisögunnar, ævi, sjálf og saga, í þrileiknum *Sitji guðs englar*? Sagan verður rædd út frá einkennum bókmenntagreinananna sjálfsævisaga, skáldævisaga og

¹ Birna Bjarnadóttir, „Vígína undir klaustri: Um minningasögur Guðrúnar Helgadóttur“ í *Í Guðrúnarhúsi*, ritstj. Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell, 2005).

² Sjá Silja Aðalsteinsdóttir, „Meira úr afahúsi,“ ritdómur um *Sitji guðs englar*, *Timarit Máls og menningar* 45, nr. 3 (1984): 351–352, sótt 20. apríl 2021, <https://timarit.is/page/6292584#page/n117/mode/2up>

³ Sidonie Smith, *A Poetics of Women's Autobiography: Marginality and the fictions of self-representation* (Bloomington: Indiana University Press, 1987), 3–19.

bernskuminningar sem allar teljast til ævifrásagna. Einingar þrenningarinnar verða skoðaðar hver í sínum kaflanum.

Ritgerðin skiptist í þrjá meginkafla, að inngangi og lokaorðum undanskildum. Í fyrsta kafla beinist athyglin að sjálfsævisögum og sannleikanum. Hugtökin sjálfsævisaga og skáldævisaga verða kynnt og þrileikurinn *Sitji guðs englar* settur í samhengi við einkenni þessara bókmenntagreina. Fræðimenn annarrar kynslóðar í rannsóknarsögu sjálfsævisagna höfðu áhuga á því hvernig sjálfið birtist í sögunni⁴ og þær vangaveltur verða til umfjöllunar í öðrum kafla ritgerðarinnar. Systurnar þrjár, Heiða Lóa-Lóa og Abba, eru skoðaðar og því lýst hvernig persónueinkenni þeirra og sjálf birtast í sögunni út frá sjálfsævisögulegum kenningum um sjálfið. Einnig verður fjallað um sögumanninn í tengslum við kenningar um sjálfsævisögur og skáldævisögur. Í þriðja kafla verður fjallað um barnabókmenntir, bernskuminningar og hvernig hugtökin falla að þrileiknum. Einnig er fjallað um mikilvægi sögunnar og boðskap hennar. Þessi kafla tengist þriðja rannsóknarstigi sjálfsævisagna.⁵

Þrileikinn *Sitji guðs englar* eftir Guðrúnu Helgadóttur mætti kalla sjálfsævisögu vegna þess að Guðrún byggir söguna á bernsku sinni. Betra væri þó að nota hugtökin bernskuminningar eða skáldævisaga þar sem Guðrún setur sannleikann í skáldsögulegan búning. Ævin og sannleikurinn eru ekki áberandi hluti af sögunni þar sem aðeins er sagt frá einum hluta hennar, bernskunni í þrileiknum og sagan er sett fram sem skáldskapur. Aðalpersónurnar þrjár, Heiða, Lóa-Lóa og Abba hin, hafa allar sín persónueinkenni en saman mynda þær eitt heilsteypt sjálf. Einnig birtist sjálf sögumannsins sem segir frá sjónarhorni aðalpersónanna og notar af og til tvíþætt ávarp svo að sagan er bæði skemmtileg fyrir fullorðna og börn. Sagan er barnabók sem allir geta lesið og lært af.

⁴ Sama rit, 4.

⁵ Sjá sama rit, 5.

2. Sannleikur og skáldskapur

Þríleikurinn *Sitji guðs englar, Saman í hring* og *Sænginni yfir minni* eftir Guðrúnu Helgadóttur kom út á 9. áratug tuttugustu aldar. Í sögunni blandar Guðrún sannleikanum um bernsku sína við skáldskap. Hún notar áhugaverðar aðferðir við að skrifa sögu sem hefur ýmis sjálfsævisöguleg einkenni.

Í gegnum aldirnar hefur fólk skrifað um líf sitt, hvort sem það er í dagbók eða á formlegri máta. Á 18. öld kom fyrst fram hugtakið *sjálfsævisaga* (e. *autobiography*) yfir þessi skrif.⁶ Rithöfundur, sögumaður og aðalpersónan eru allar sama manneskjan í þessum sögum og hún segir frá lífi sínu frá eigin sjónarhorni.⁷ Auðvelt er að halda því fram að sjálfsævisaga sé skáldsaga ef ekki er augljóst að hún sé sannsöguleg. *Ævifrásagnir* (e. *life narratives*) og skáldsögur eiga marga grunnþætti sameiginlega, eins og söguþráð, samtöl, sögusvið og persónusköpun.⁸ Til eru sögur sem sameina fleiri þætti skáldsagna og sjálfsævisagna og þær hafa verið kallaðar *skáldævisögur* (e. *fictional autobiography* eða *autofiction*). En með þessu hugtaki er átt við sjálfsævisögur sem skrifaðar eru með lögmál skáldskapar í huga og eru færðar í listrænan búning.⁹

2.1 Sitji guðs englar sem sjálfsævisaga

Þó að hugtakið sjálfsævisaga hafi almennt ekki verið notað fyrr en á 18. öld skrifaði fólk samt sem áður um eigin ævi eða ævibrot fram að því. Áður voru einfaldlega önnur hugtök notuð til að skilgreina þessi skrif eins og *æviminningar* (e. *memoirs*) og *játningar* (e. *confessions*). Frá því á 20. öld hefur hugtakið sjálfsævisaga verið vinsælast til að lýsa sögum sem fólk skrifar sjálf um líf sitt.¹⁰ Sidonie Smith og Julia Watson skilgreina mismunandi tegundir ævisagna í bók sinni *Reading Autobiography: A Guide for Interpreting Life Narratives* (2001). Þær segja að sérstaklega þurfi að greina á milli hugtakanna *æviskrif* (e. *life writing*), *ævifrásögn* (e. *life narrative*) og *sjálfsævisaga* (e. *autobiography*).¹¹

Æviskrif er almennasta hugtakið af þessum þremur og vísar til allra þeirra rita sem fjalla um lífið. Slík skrif geta verið ýmis konar, t.d. ævisöguleg, skáldsöguleg eða söguleg. *Sitji guðs englar* fellur í þennan flokk því sú saga fjallar um líf fjölskyldu á raunsæislegan hátt.

⁶ Sidonie Smith og Julia Watson, *Reading Autobiography: A Guide for Interpreting Life Narratives*, (Minneapolis: University of Minnesota Press, 2001), 2.

⁷ Sama rit, 8.

⁸ Sama rit, 7.

⁹ Soffía Auður Birgisdóttir, „Skáldævisagan: Tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein,“ *Skíma: Mál gagn móðurmálskennara* 27, nr. 2 (2004): 41.

¹⁰ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 2.

¹¹ Sama rit, 2–3.

Ævifrásagnir eru sögur sem höfundur skrifar sjálfur um líf sitt. Þetta hugtak er því ólíkt hugtakinu *ævisaga* þar sem rithöfundar skrifa um líf annarrar manneskju þ.e.a.s. ekki um sjálfa sig. *Sjálfsævisaga* er ákveðin tegund *ævifrásagna*.¹²

Einfaldasta skilgreiningin á hugtakinu *sjálfsævisaga* (e. *autobiography*) finnst þegar orðinu er skipt niður í hluta: *sjálf* (gríska: *autos*), *ævi* eða *líf* (g. *bios*) og *skrif* (g. *graphe*). Sjálfsævisaga er rit sem rithöfundur skrifar sjálfur um ævi sína. Fræðimenn hafa reynt að þrengja skilgreiningu hugtaksins. Til dæmis hefur franskur kenningasmiðurinn Philippe Lejeune bætt við skilgreininguna. Hann segir að sjálfsævisögur séu yfirlitsfrásagnir í óbundnu máli sem manneskja skrifar út frá sinni eigin tilveru og persónuleika.¹³ Saga Guðrúnar er ekki yfirlitsfrásögn vegna þess að aðeins er sagt frá bernskunni, því er hún ekki sjálfsævisaga samkvæmt Lejeune.

Sjálfsævisaga er ein tegund æviskrifa en helsti munurinn á almennum ævisögum og sjálfsævisögum er sú að í sjálfsævisögum eru höfundur, sögumaður og aðalpersóna sama manneskjan. Í ævisögum er aðalpersóna ekki sú sama og höfundurinn því skrifað er um ævi annarrar manneskju. Hvort tveggja eru frásagnir af lífi einstaklings en ólíkt er hver segir frá. Í ævisögum er alltaf sagt frá í þriðju persónu en sjálfsævisögur eru oftast sagðar í fyrstu persónu (þótt til séu dæmi um að þær séu sagðar í þriðju persónu).¹⁴ *Sitji guðs englar*-þrileikurinn er sagður í þriðju persónu.

Ragnhildur Richter skrifar um sjálfsævisögur íslenskra kvenna í bókinni *Lafað í röndinni á mannfélaginu* (1997). Hún bendir á að í sjálfsævisögum fái lesendur innsýn í það hvernig höfundar hugsa um sjálfa sig, umhverfi sitt og líf.¹⁵ En hægt er að segja að sjálfið, ævin og sagan séu þrjár kraftar sjálfsævisagna.¹⁶ Þetta mætti kalla þrenningu sjálfsævisögunnar og fræðimenn hafa lagt mismikla áherslu á hverja einingu þrenningarinnar í árunna rás.

Hugmynd Ragnhildar Richter um þrjá krafta sjálfsævisagna er byggð á umfjöllun Sidonie Smith um þrískiptingu rannsóknarsögu sjálfsævisagna í bókinni *A Poetics of Women's Autobiography*. Hver eining þrenningarinnar var aðalatriði hjá fræðimönnum hvers tíma. Fyrstu fræðimennirnir höfðu áhuga á ævi, önnur kynslóðin hafði áhuga á sjálfí og sú þriðja lagði áherslu á söguna.¹⁷ Þeir fyrstu stunduðu rannsóknir sínar á seinni hluta 19. aldar og fram

¹² Sama rit, 3–4.

¹³ Sama rit, 1.

¹⁴ Gunnþórunn Gunnarsdóttir, „Líf á bók. Um ævisögur og sjálfsævisögur,“ *Skíma: Mál gagn móðurmálskennara* 27, nr. 2 (2004): 33–34.

¹⁵ Ragnhildur Richter, *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997), 5.

¹⁶ Sama rit, 7.

¹⁷ Smith, *A Poetics of Women's Autobiography*, 3–19.

á fyrri hluta 20. aldar. Þessir fræðimenn litu á ævina sem raunverulega og sanna atburðarás í lífi einstaklings. Um miðja 20. öld færðist áhersla fræðimanna frá ævinni að sjálfinu. Sjálfíð þótti ekki jafn vandasamt fyrirbæri og ævin. Ævin og sannleikurinn eru nefnilega afar margslungin í meðförum. Þessir fræðimenn skoðuðu hvernig persónuleiki og sjálfsmynd rithöfundarins birtist í textanum. Þegar Sidonie Smith skrifaði bók sína, árið 1987, höfðu fræðimenn sett þriðja þátt sjálfsævisagna, söguna, í forgang. Þá voru sjálfsævisögur skoðaðar eins og hver annar skáldskapur.¹⁸ Viðhorf sjálfsævisagnafræðinga til sannleikans hefur þannig breyst í árána rás. Fyrst var talið að hægt væri að segja frá einhverju sem væri alsatt. Seinna dvínaði þessi áhersla á sannleikann og aðrir þættir sögunnar voru skoðaðir.

Fyrsta kynslóðin sem hafði áhuga á ævi lagði áherslu á að rithöfundur segði frá sannleikanum. Hægt átti að vera að sanna efasemdir í textanum með sögulegum heimildum.¹⁹ Þegar þríleikur Guðrúnar Helgadóttur er borinn saman við frásagnir hennar af bernsku sinni má finna ákveðna atburði og einkenni sem eru sameiginleg.

Guðrún Helgadóttir var elsta barn foreldra sinna, Ingigerðar Eyjólfsdóttur og Helga Gunnlaugssonar, sem áttu tíu börn.²⁰ Helgi var sjómaður sem vann mikið og var ekki mikið til staðar fyrir börnin sín. Þegar hann kom heim var hann eins og gestur á sínu eigin heimili.²¹ Guðrún segir í viðtali við sjómannablaðið *Viking* að hún hafi kynnst föður sínum að miklu leyti í gegnum sögur annarra sjómanna. Í sama viðtali kemur fram að þegar faðir hennar var í landi kunni hann ekki að umgangast sín eigin börn.²² Þrátt fyrir að faðir Guðrúnar hafi ekki endilega verið sá besti, var hann stoltur af Guðrúnu. Hann kallaði hana Rúnu litlu og montaði sig af því hversu klár hún var.²³ Faðir Guðrúnar á margt sameiginlegt með föðurnum í *Sitji guðs englar*-þríleiknum.

Faðir systranna í *Sitji guðs englar* er sjómaður eins og faðir Guðrúnar. Heiða, aðalpersóna fyrstu bókar, skilur ekki föður sinn og finnst hann vera óhæfur faðir:

Hann [pabbi] er kærulaus, sagði Heiða. Hann hugsar aldrei um neitt í alvöru. Hann eyðir peningum eins og asni og mamma segir ekki neitt (21).²⁴

¹⁸ Sama rit, 3–6.

¹⁹ Sama rit, 3–4.

²⁰ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn“ í *Í Guðrúnarhúsi*, ritstj. Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell, 2005), 9.

²¹ Sæmundur Guðvinsson, „Ég þekkti þennan mann af afspurn,“ viðtal við Guðrúnu Helgadóttur, *Sjómannablaðið Vikingur*, nr. 4 (1998): 35–36, sótt 19. mars 2021,

<https://timarit.is/page/4253169#page/n33/mode/2up>

²² Sama rit, 34.

²³ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 10.

²⁴ Hér verður vísað í blaðsíðutöl útgáfu þar sem allar bækurnar voru gefnar út í einni bók: Guðrún Helgadóttir, *Sitji guðs englar, Saman í hring, Sænginni yfir minni* (Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2015).

Faðir Heiðu er oftast fullur þegar hann er heima hjá sér og Heiða skammast sín fyrir hann vegna þessa. Hann þekkir ekki einu sinni eigin krakka frá krökkum nágrannans (16–19). Þessu svipar mjög til þess sem Guðrún hefur sagt um föður sinn. Hún hefur sagt frá því að henni hafi fundist pabbi sinn drekka of mikið þegar hún var barn. Seinna komst hún að því að hann drakk sjaldnar en hún hélt því hann drakk aldrei úti á sjó.²⁵ Guðrún segir einnig að faðir hennar hafi ekki kunnað að lifa á landi. Hann vaknaði snemma á morgnana, lagði kapal og drakk.²⁶ Þessari lýsingu svipar til morgunveislanna sem faðir Heiðu heldur í bókunum. Þegar faðir Heiðu kemur í land, vaknar hann snemma á morgnana, leggur kapal, drekkur kaffi og reykir. Við þetta vakna allir og hann segir börnunum sögur og kaupir appelsín og maltöl handa þeim (17).

Ásamt foreldrum hennar og systkinum, þjuggu amma hennar og afi, móðurforeldrar Guðrúnar, á æskuheimili hennar í Hafnarfirðinum. Guðrún hefur sagt um samband ömmu sinnar og afa að þau pössuðu ekkert sérstaklega vel saman en þrátt fyrir það elskuðu þau hvort annað.²⁷ Foreldrar móður Heiðu búa hjá fjölskyldunni eins og foreldrar Ingigerðar. Guðrún hefur lýst sambandi ömmu sinnar og afa: „þau elskuðust mikið, en pössuðu ekkert voðalega vel saman.“²⁸ Þetta minnir á samband ömmu og afa Heiðu og það má sjá strax í fyrsta kafla fyrstu bókar. Í þeim kafla skammar amma afa fyrir orðbragðið sem hann notar í kringum krakkana (13). Þau eru mjög ólíkar manneskjur en elska hvort annað þrátt fyrir það.

Í æsku átti Guðrún griðastað á Jófríðarstaðavegi 15, sem var heimili Eyjólfssonar og Guðlínar, konu hans. Þangað fór hún til að flýja yngri systkini sín og þá ábyrgð sem fylgdi því að vera elsta systirin. Börn Eyjólfssonar og Guðlínar, Guðný og Einar, voru eldri en Guðrún en hún varð samt sem áður góð vinkona þeirra. Það var sorgarstund fyrir Guðrúnu þegar Einar fórst úti á sjó vorið 1948.²⁹ Þessi fjölskylda minnir á nágretta systranna í þrjúleiknum, Steingrím og Kristínu. Hjá þeim á Heiða griðastað og hún býr hjá þeim þegar mamma hennar fer á spítala, veik eftir að hafa eignast barn (53). Heiða lítur upp til Steingríms og Kristínar og heimilis þeirra, til dæmis segir hún að hún ætli að hafa margar bækur heima hjá sér í framtíðinni eins og þau (53).

Guðrún byggir persónuna Birgi Björn, son Steingríms og Kristínar, á syni Eyjólfssonar og Guðlínar, Einari. Þrátt fyrir að vera töluvert eldri en Guðrún, var Einar góður vinur hennar.

²⁵ Sæmundur Guðvinsson, „Ég þekkti þennan mann af afspurn,“ 35.

²⁶ Sama rit, 36.

²⁷ *Guðrún Helgadóttir: Ritþing 25. september 1999* (Reykjavík: Menningarmiðstöðin Gerðuberg, 1999), 5.

²⁸ Sama rit, 5.

²⁹ Guðrún Helgadóttir, „Ógleði og glötuð kynslóð,“ í *Stríð og söngur*, ritstj. Matthías Viðar Sæmundsson (Reykjavík: Forlagið, 1985), 23.

Guðrún hjálpaði honum að læra fyrir próf í siglingafræði.³⁰ Hann fórst úti á sjó vorið 1948 og það var mikil sorg fyrir Guðrúnu.³¹ Birgir Björn ferst úti á sjó í annarri bók þrileiksins og sorgarferlinu sem Heiða gengur í gegnum er lýst frá sjónarhorni Lóu-Lóu (133–137). Þessi umfjöllun um dauða í barnabók er athyglisverð. Guðrún hefur lagt mikla vinnu í að lýsa sálrænu ástandi ungrar stelpu sem upplifir missi í fyrsta skipti.³² Sennilega byggir hún lýsinguna á eigin upplifun og það gerir hana enn raunverulegri og sorglegri.

Sjálfsævisaga er skilgreind sem rit sem höfundur skrifar sjálfur um líf sitt og hægt er að segja að það eigi við um þrileik Guðrúnar. Í honum eru höfundur, sögumaður og aðalpersóna að einhverju leyti sama manneskjan. Tengsl á milli höfundar og sögumanns eru nokkuð ljós þar sem höfundurinn segir frá fólki eins og hann þekki það vel. Þó er flókið að tengja höfundinn við aðalpersónuna vegna þess að þær eru þrjár en ekki bara ein. Fjallað verður nánar um sjálfín í sögunni í þriðja kafla. Freistandi væri að segja að aðeins fyrsta bók þrileiksins sé sjálfsævisaga því aðalpersóna þeirra bókar, Heiða, á mest sameiginlegt með Guðrúnu. En þetta er ekki svo einfalt því Guðrún segir greinilega frá atburðum sem gerðust í lífi hennar í hinum bókunum t.d. láti Birgis Björns. Hann fórst úti á sjó eins og Einar, vinur Guðrúnar.

Ýmislegt má finna í sögu Guðrúnar sem fellur ekki að einkennum sjálfsævisögu almennt. Eðlilegra væri að flokka bækurnar sem *bernskuminningar* en eiginlega sjálfsævisögu þar sem ævisögur eru yfirlitsrit yfir heila ævi manneskju.³³ Þær segja sjaldnast aðeins frá æsku viðkomandi en það gera *skáldævisögur* og *bernskuminningar* hins vegar.³⁴ Fjallað verður nánar um *bernskuminningar* í öðrum kafla ritgerðarinnar.

Hver þáttur þrenningar sjálfsævisögunnar, ævi, sjálf og saga, eru misáberandi í *Sitji guðs englar*-þrileiknum. Fyrsti þáttur þrenningar sjálfsævisögunnar, ævin, er sá þáttur sem er minnst áberandi vegna þess að aðeins er sagt frá einum hluta ævinnar. Hinir þættirnir, sjálf og saga, vega þyngra í umfjöllun um þrileikinn. Síðasti hluti þrenningarinnar, sagan, er mikilvægur þar sem þrileikurinn er settur fram eins og skáldsaga. Ef til vill á hugtakið skáldævisaga eða skáldbarnabók betur við þrileikinn en hugtakið sjálfsævisaga. Á síðasta skeiði sjálfsævisagnafræða var byrjað að líta á sjálfsævisögur sem eina grein fagurbókmennta og ekki var lögð jafn mikil áhersla á sannleikann. Viðurkennt var að sjálfsævisögur væru túlkun á

³⁰ Sama rit, 37.

³¹ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 10–11.

³² Sama rit, 22–23.

³³ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 1.

³⁴ Soffía Auður Birgisdóttir, „Skáldævisagan,“ 42–43.

sjálfínu og lífinu en ekki aðeins upptalning staðreynda.³⁵ Hægt er að tengja þessa áherslu á söguna og skáldsögulegu eiginleika sjálfsævisagna við tilkomu hugtaksins skáldævisaga.

2.2 Sitji guðs englar sem skáldævisaga

Í *Sitji guðs englar*-þríleiknum fjallar Guðrún um æsku sína og setur hana í skáldlegan búning. Hún notar önnur nöfn á manneskjum og skapar sögur í kringum sannleika æsku sinnar. Þessi blanda af sannleik og skáldskap er dæmigerð fyrir skáldævisögur.³⁶ Hvergi kemur þó fram að minnið sé ótraust eins og algengt er í skáldævisögum³⁷ því sagan er alfarið sett í skáldlegan búning og ekki einfalt að sjá hvort sagan sé sjálfsævisöguleg.

Guðbergur Bergsson var fyrstur til að nota hugtakið skáldævisaga. Hann notaði það til að lýsa bók sinni *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar* (1997) sem hann skrifaði um bernsku sína. Í greininni „Skáldævisagan: Tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein“ segir Soffía Auður Birgisdóttir að Guðbergur hafi gefið Íslendingum leyfi til að skrifa sjálfsævisögur sem hafa einnig einkenni skáldsögu þegar hann notaði þetta hugtak í fyrsta skipti.³⁸

Með hugtakinu skáldævisaga er átt við að ævisaga eða sjálfsævisaga sé færð í listrænan búning og lögmál skáldskaparins látin gilda um textann.³⁹ Hugtökin *fictional autobiography* og *autofiction* hafa verið notuð um þessa bókmenntagrein á ensku.⁴⁰ Bækur sem falla undir þessa bókmenntagrein höfðu áður fyrir ekki tilheyrt neinum ákveðnum flokki bókmennta og því ekki verið hluti af fræðilegri umræðu fyrir en hugtakið kom til sögunnar.⁴¹ Eftir að hugtakið kom til sögunnar hafa fræðimenn eins og Soffía Auður Birgisdóttir skrifað um það og meðal annars fjallað um muninn á skáldævisögum og sjálfsævisögum.⁴²

Munurinn á skáldævisögum og sjálfsævisögum felst í afstöðu höfundarins til sögunnar eða því hvernig höfundurinn kys að skrifa um líf sitt. Þessi munur kemur fram í afstöðu sögunnar til sannleiks, minnis, tíma, rúms og sjálfs. Í skáldævisögum viðurkennir rithöfundurinn að ekki sé alltaf hægt að treysta minninu og þess vegna óhjákvæmilegt að sumir hlutir sögunnar séu ekki sannir. Rithöfundar skáldævisagna segja frá lífi sínu með því að nota ýmis stílbrögð sem ekki koma fram í sjálfsævisögum s.s. ýkjur, eyður og mótsagnir.⁴³ Í þríleik Guðrúnar

³⁵ Ragnhildur Richter, *Lafað í röndinni á mannfélaginu*, 12–13.

³⁶ Soffía Auður Birgisdóttir, „Skáldævisagan,“ 42–44.

³⁷ Sama rit, 42.

³⁸ Sama rit, 41.

³⁹ Sama rit, 41.

⁴⁰ Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég: Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*, (Reykjavík: Bókaútgáfan Opna, 2015): 17.

⁴¹ Soffía Auður Birgisdóttir, „Skáldævisagan,“ 42.

⁴² Sjá sama rit.

⁴³ Sama rit, 42.

Helgadóttur koma skáldsöguleg stílbrögð fram. Ýkja kemur strax fram í byrjun fyrstu bókar, þegar afi er sagður hrópa „svo hátt að bárujárnið hoppaði á þakinu“ (11). Dæmi um eyðu í textanum er að Hafnarfjörður er aldrei nefndur á nafn í sögunni en talað er um „bæinn undir klettinum“ (48). Mótsögn má finna þegar Heiða segist vilja giftast Birgi Birni, sem er sjómaður, rétt eftir að hún segist vilja giftast skrifstofumanni en ekki sjómanni (33–35). Einnig má tengja innri sögutíma sögunnar við einkenni skáldævisagna. Sagan gerist aðeins á nokkrum árum og aðeins er sagt frá bernsku aðalpersónanna en ekki allri ævi þeirra.

Skáldævisögur segja oft frá broti úr ævi rithöfundar en rekja ekki líf hans frá bernsku til ritunartímans eins og sjálfsævisögur.⁴⁴ Þetta á við um *Sitji guðs englar*-þríleikinn því Guðrún byggir söguna aðeins á æskuminningum sínum. Minni er mikilvægur hluti af sjálfsævisagnafræði því það er helsta heimildin sem rithöfundar nota þegar þeir skrifa um ævi sína.⁴⁵ Soffía Auður Birgisdóttir hefur sagt að minnið sé mikilvægasti þáttur sjálfsæviskrifa því að það sé „bæði forsenda skrifanna og aðaldrifkraftur þeirra.“ En fræðimenn eru margir sammála um að ekki sé hægt að treysta minninu og að sjálfsæviskrif séu alltaf endurtúlkningar.⁴⁶ Fyrsta kynslóð sjálfsævisagnafræðinga töldu að hægt væri að skrifa sjálfsævisögu sem væri alsönn og því treysta þeir að miklu leyti á minnið.⁴⁷ Seinni kynslóðirnar tvær telja hins vegar að minnið sé ótraust því sannleikurinn er flókið fyrirbæri og minnið getur svikið rithöfundinn.⁴⁸

Soffía Auður færir fern rök fyrir því að sjálfsæviskrif séu í raun skáldskapur. Í fyrsta lagi er minni ótraust fyrirbæri og því getur verið erfitt að byggja sögur á því. Ekki er hægt að segja að sögur byggðar á minninu séu sannleikurinn. Í öðru lagi er erfitt að segja frá fortíðinni nákvæmlega eins og hún átti sér stað. Í þriðja lagi túlkar fólk atburði á mismunandi vegu og misskilningur getur skapast í samskiptum. Skoðun og upplifun höfundar litar söguna á einn eða annan hátt. Í fjórða lagi geta sjálfsævisagnahöfundar dregið upp falska mynd af lífi sínu og fegrað það.⁴⁹ Stephen Spender hefur bent á að sjálfsævisögur geti verið ótraustar einmitt vegna þess að það er mismunandi hvernig maður lítur á sjálfan sig og atburði í lífi sínu.⁵⁰ Af þessu má draga þá ályktun að sjálfsævisögur séu alltaf skáldaðar að einhverju leyti og skáldævisaga því heppilegra hugtak. Þetta tengist umræðu annarrar og þriðju kynslóðar sjálfsævisagnafræðinga. Þeir gera lítið úr umræðu fyrstu kynslóðar fræðimanna sem lögðu

⁴⁴ Sama rit, 42–43.

⁴⁵ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 16.

⁴⁶ Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, 58.

⁴⁷ Smith, *A Poetics of Women's Autobiography*, 4.

⁴⁸ Sama rit, 4–5.

⁴⁹ Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, 57.

⁵⁰ Stephen Spender, „Confessions and Autobiography,“ í *Autobiography: Essays Theoretical and Critical*, ritstj. James Olney (New Jersey: Princeton University Press, 1980), 115.

áherslu á sannleikann.⁵¹ Þegar sagt er að ekki sé hægt að segja sannleikann í sjálfsvískrifum verður þessi krafa um sannleikann tilgangslaus. Rithöfundar hafa tilhneigingu til að fegra bernskuminningar sínar.⁵²

Soffía Auður fjallar um skáldævisögufraði í tengslum við skrif Þórbergs Þórðarsonar í bók sinni *Ég skapa – þess vegna er ég*. Ásamt því að nota skáldævisöguhugtakið þar, notar hún náskylda hugtakið *ævigoðsagnagerð* (e. *biomythography*). Henni finnst þetta hugtak eiga vel við skrif Þórbergs þar sem hann slær saman raunveruleika og skáldskap í verkum sínum.⁵³

Hugtakið *ævigoðsagnagerð* kemur frá rithöfundinum Audre Lorde en Sidonie Smith og Julia Watson hafa einnig fjallað um hugtakið þegar þær reyna að greina á milli mismunandi tegunda sjálfsvískrifa. Þær benda á að erfitt getur verið að greina á milli sjálfsvísagna og skáldævisagna vegna þess að sjálfsvísögur eru alltaf skáldaðar að einhverju leyti eins og fram hefur komið. Orðið *skáldað* (e. *fictional*) merkir eitthvað sem er óraunverulegt, tilbúið og ímyndað og það á því við alla texta hvort sem þeir eru sjálfsvísögulegir eða ekki.⁵⁴ Hugtakið *ævigoðsögn* vísar til þess goðsagnakennda blæs sem líf rithöfundar fær þegar það er endurtúlkað í sjálfsvísögum þeirra. Þessi goðsagnakenndi blær verður til þegar veruleiki og skáldskapur er blandaður saman. Þá verða til óraunhæfar hugmyndir um manneskjuna sem sagan er um.⁵⁵

Heppilegt er að nota hugtakið *ævigoðsagnagerð* yfir þrúleik Guðrúnar en það er hugtakið sem Soffía Auður Birgisdóttir hefur notað yfir skrif Þórbergs Þórðarsonar.⁵⁶ Þetta hugtak er náskýlt hugtakinu skáldævisaga og vísar til þess hvernig rithöfundar endurskapa ævi sína í sjálfsvískrifum sínum og gera hana að goðsögu.⁵⁷ Guðrún Helgadóttir gerir æsku sína að eins konar goðsögu eða ævintýri sem flest íslensk börn fá að kynnst í æsku sinni. Hún nýtir æskuminningar sínar til að búa til áhugaverða og spennandi sögu með því að blanda skemmtilegum og ýktum persónum og atburðum saman við sannleikann. Önnur kynslóð fræðimanna sem rannsakaði sjálfsvísögur vék frá áherslu á sannleikann og að sjálfínu.⁵⁸

⁵¹ Smith, *A Poetics of Women's Autobiography*, 4.

⁵² Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979* (Reykjavík: Mál og menning, 1981), 102 og 107.

⁵³ Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, 41.

⁵⁴ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 186.

⁵⁵ Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, 41.

⁵⁶ Sama rit, 41–42.

⁵⁷ Sama rit, 41–42.

⁵⁸ Smith, *A Poetics of Women's Autobiography*, 4–5.

3. Sjálf og sjálfsmýndir í *Sitji guðs englar*

Önnur kynslóð fræðimanna sem rannsökuðu sjálfsævisögur höfðu mestan áhuga á *sjálfinu* (e. *I, self* eða *ego*) og hvernig það birtist í sjálfsævisögum.⁵⁹ Sjálf hefur tvær merkingar á íslensku. Annars vegar er það notað yfir sjálfsmýnd manneskju og hins vegar er það einn starfsháttur sálarlífsins í kenningum sálkönnunar. Í seinna tilvikinu er hugtakið fengið frá Sigmund Freud sem skilgreindi sjálf sem einn af þremur hlutum mannsheilans, hinir tveir eru *það* (e. *id*) og *yfirsjálf* (e. *superego*).⁶⁰ Í sjálfsævisagnafræði vísar sjálfið til manneskjunnar sem skrifar um ævi sína, persónuleika hennar, sjálfsmýnd, skoðanir og hugsanir. Þá þarf að kanna hvernig sjálfið birtist á mismunandi hátt í textanum.⁶¹ Sjálfin í *Sitji guðs englar*-þríleiknum eru margs konar og þau koma meðal annars fram í systrunum þremur sem eru aðalpersónur bókana. Systurnar Heiða, Lóa-Lóa og Abba hin búa allar yfir sínum eigin persónueinkennum og þær hafa allar mismunandi sýn á heiminn. Systurnar mynda að vissu leyti eina heilsteypta persónu þar sem hver systir hefur ákveðin persónueinkenni sem hinar hafa ekki.

3.1 Heiða, Lóa-Lóa og Abba hin: Þrjár persónur sem mynda eina heild

Persónur í barnabókum eru oft það sem kallað hefur verið „hóppersónur.“ Hóppersónur hafa allar sérstök persónueinkenni og saman mynda þær eina heildstæða persónu. Dagný Kristjánsdóttir tekur persónur úr ævintýrabókum Enid Blyton sem dæmi um hóppersónur:

Ef við tökum ævintýrabækur Enid Blyton sem dæmi er Finnur leiðtoginn, rólegur, næmur og með nánast yfirnáttúrulegt samband við öll dýr, Jonni er flinkur við vélar, viðkvæmari en Finnur og meiri sáttasemjari, Dísu er skapmikil og hugrökk og Anna er blíð og huglaus.⁶²

Öll börn sem lesa ævintýrabækurnar ættu að geta tengt við eiginleika einhverra persónanna.⁶³

Hægt er að bera þetta dæmi saman við systurnar þrjár í *Sitji guðs englar*-þríleiknum.

Heiða eða Ragnheiður Ólafsdóttir er elsta systirin og í fyrstu bókinni er hún nýorðin 11 ára (21). Hún er klár og ábyrgðarfull stúlka og hægt er að setja hana í þann flokk sem hefur verið kallaður „hæf“ börn. Áse Marie Ommundsen segir um hæf börn í norrænum barnabókmenntum að þessar persónur séu ábyrgar, sjálfstæðar og sterkar. Þær eru hæfar á öllum sviðum samfélagsins, meðal annars sem fjölskyldumeðlimir og nemendur. Þær þurfa

⁵⁹ Sama rit, 4–5.

⁶⁰ Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind, *Almenn sálfræði: hugur, heil, hátterni* (Reykjavík: Mál og menning, 2003), 75.

⁶¹ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 58–67.

⁶² Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 25.

⁶³ Sama rit, 25–26.

ekki hjálp fullorðinna til að bjarga sér í lífinu.⁶⁴ Heiða er hæfur nemandi, henni gengur mjög vel í skólanum (60) og hún er hæfasti meðlimur fjölskyldunnar. Þess vegna verður hún móðurímynd fyrir yngri systkini sín.

Heiða er elst systkina sinna og hún ber ábyrgð á þeim. Faðir hennar vinnur mikið úti á sjó og er því sjaldan heima (16). Hann getur ekki hugsað um börnin sín og man varla hvað þau heita (17). Móðir hennar er oft ólétt og þarf því gjarnan að hvíla sig. Hún er líklega með fæðingarþunglyndi og liggur uppi í rúmi með nefið ofan í ástarsögum og getur ekki sinnt öllum börnunum (20). Þau eru því óhæfir foreldrar og Heiða er eina manneskjan sem er hæf til þess að sjá um börnin. Hún neyðist til að taka að sér hlutverk sem á að vera á ábyrgð þeirra fullorðnu, foreldrahlutverkið. Þessi ábyrgð birtist t.d. í því að hún hneykslast á fjölskyldu sinni og skammar bræður sína fyrir að haga sér illa (124). Hana dreymir um að verða fræg og eiga merkilegra líf (45). Þessir draumar spretta af því að hún hefur áhyggjur af því hvað öðrum finnst um fjölskyldu sína. Hún vill verða merkileg svo að fólk hætti að fordæma hana og fjölskyldu hennar.⁶⁵ En Heiða breytist og þroskast í fyrstu bókinni og í lok bókarinnar sættir hún sig við fjölskyldu sína (89).

Lóa-Lóa er miðjubarnið og hún er ólík Heiðu. Í fyrstu bókinni er hún fimm ára (23). Í annarri bókinni, þegar hún er aðalpersóna, er hún 7 ára því tvö ár eru liðin (97). Hún er raunsæ og sátta við líf sitt og fjölskyldu. Hana dreymir ekki um merkilegra líf eða nýja fjölskyldu. Lóa-Lóa vill ekki að neitt breytist, ólíkt Heiðu. Lóa-Lóa finnst ekkert vera að bláa koddanum í brotna glugganum sem Heiða er alltaf að kvarta yfir (95–96) eða skemmdu girðingunni (98). Henni er sama þótt ekki sé til fin ljósmynd af systkinunum og þó að ekki sé búið að skíra litla barnið (98–100). En hún óskar þess samt að einhver muni koma þessum hlutum í lag svo að Heiða hætti að kvarta (100). Lóa-Lóa vill ró og frið og hún er ekki að flýta sér í gegnum lífið.⁶⁶ Afi hennar kallar hana landpóstinn vegna þess að hann hefur reynslu af því að þeir séu lengi að koma bréfum til skila og honum finnst Lóa-Lóa vera jafn hæg að tæma úr koppnum sínum (111–112).

Abba hin er yngsta barnið í byrjun fyrstu bókar, en ekki kemur fram hvað hún er gömul. *Sænginni yfir minni* á sér stað fjórum árum eftir fyrstu bókina og þá mætti gera ráð fyrir að Abba hin sé 5-6 ára. Hún er líkari Heiðu en Lóa-Lóa. Hún er kraftmikil aðalpersóna, ólíkt Lóa-

⁶⁴ Åse Marie Ommundsen, „Competent Children: Childhood in Nordic Children’s Literature from 1850 to 1960,“ í *Nordic Childhoods, 1700–1960: From Folk Beliefs to Pippi Longstocking*, ritstj. Reidar Aasgaard, Marcia Bunge og Marethe Roos (New York: Routledge, 2017), 285.

⁶⁵ Silja Aðalsteinsdóttir, „Þrjár systur“ ritdómur um *Sitji guðs englar*-þrileikinn, *Timarit Máls og menningar* 49, nr. 1 (1988): 115, sótt 5. apríl 2021, <https://timarit.is/page/6296386#page/n121/mode/2up>

⁶⁶ Sama rit, 115.

Lóu, sem er róleg. Afi kallar Öbbu hina listakonu (227) vegna þess að hún hefur gaman af því að teikna og hún lýsir öllum í litum og formum. Til dæmis segir hún að amma sé blá og að Berta ljósmyndari sé svört (98 og 129). Abba hin hefur ríkt ímyndunarafl og það kemur t.d. fram þegar hún lýsir því að kjóllinn hennar sé mismunandi á litinn eftir því hvaða dagur er (220). Abba hin breytir því sem hún vill breyta ólíkt Heiðu sem vill breytingar en gerir ekkert til að framkvæma þær.⁶⁷ Til dæmis fær Abba Dagbjart, nágranna sinn, til að búa til blómabeð fyrir framan hús fjölskyldunnar og að gera við grindverkið (244–250).

Silja Aðalsteinsdóttir lýsir muninum á systrunum vel þegar hún segir:

Heiða veit hvernig hlutirnir ættu að vera, Lóa-Lóa er ánægð með þá eins og þeir eru, Abba hin hefur afl þeirra hluta sem koma skulu. Hún horfir á heiminn og breytir honum.⁶⁸

Heiða er sú aðalpersóna sem á flest sameiginlegt með Guðrúnu. Heiða vill verða rithöfundur þegar hún verður stór og hún byrjar að skrifa skáldsögu í fyrstu bókinni en ákveður að biða með að skrifa hana þangað til hún er orðin stór (84). Hún vill verða „frægasta stelpan á Íslandi. Og forrík“ (45). Hægt er að segja að þessi ósk hafi ræst því Guðrún hefur skrifað fjölda bóka og er því fræg og kannski rík.

Heiða kvartar yfir því að það þurfi að laga hluti eða að þeir þurfi að breytast. Lóu-Lóu er sama þó að hlutirnir breytist ekki. Abba hin tekur vandamálið í sínar hendur og finnur lausnir við þeim. Þessi munur á systrunum kemur vel fram í því hvernig þær líta á brotna grindverkið. Heiða kvartar yfir því að grindverkið sé brotið og óskar þess að einhver muni laga það (23). Lóu-Lóu er sama þó það sé brotið og segir það vera betra svoleiðis því þá geti hún stytt sér leið (98). En Abba hin tekur til sinna ráða og fær bræðurna Dagbjart og Mumma í Gamlabæ til að laga grindverkið (254–259). Ef eiginleikar systranna væru allir blandaðir saman í eina persónu væri það hin fullkomna manneskja. Stundum sér maður bara vandamálin og nöldrar um þau við annað fólk eins og Heiða. Stundum þarf maður að vera rólegur og sætta sig við gallana eins og Lóa-Lóa og stundum þarf maður að vera opin og biðja aðra um hjálp eins og Abba hin.

Systurnar þrjár eru stílfærðar persónur eða staðalmanngerðir sem hafa ákveðin einkenni sem breytast lítið í bókaflokknum. Stílfærðar persónur eru algengar í barnabókum. Þessar persónur eru samkvæmar sjálfum sér, hafa ákveðin persónueinkenni og eru áberandi týpur.⁶⁹ Hóppersónur eru stílfærðar persónur því þær hafa einnig ákveðin einkenni sem breytast ekki í gegnum söguna.⁷⁰ Þetta er skýrast í persónu Heiðu. Þrátt fyrir að hún þróist og nái að sætta sig

⁶⁷ Sama rit, 116–117.

⁶⁸ Sama rit, 116.

⁶⁹ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 24.

⁷⁰ Sama rit, 25.

nokkurn veginn við fjölskyldu sína, heldur hún áfram að nöldra í systkinum sínum um að haga sér sómasamlega (149 og 234).

3.2 Yfirsjálfíð Heiða

Silja Aðalsteinsdóttir kallar Heiðu *yfirsjálf* systkina sinna í grein sinni þar sem hún ber *Sitji guðs* englar-þrileikinn saman við fyrri bók Guðrúnar Helgadóttur, *Í afahúsi* (1976).⁷¹ Yfirsjálf (e. *superego*) er sálfræðihugtak fengið frá Sigmund Freud. Það er sá hluti mannsheilans sem leitast eftir fullkomnun. Hann fylgir reglum samfélagsins og stjórnar þeim þörfum manneskjunnar sem leitast við að brjóta reglurnar.⁷² Heiða er því yfirsjálf systkina sinna, hún sér um að halda þeim á mottunni. Lóa-Lóa og Abba hin fylgja fordæmi hennar. Lóa-Lóa óskar þess að allar óskir Heiðu muni rætast (98) og Abba hin lætur óskirnar rætast (sjá t.d. 254).

Tóta er aðalpersónan í *Í afahúsi* og hún er yngri útgáfa af Heiðu í *Sitji guðs englar* því þær eiga margt sameiginlegt. Tóta er yngst fjögurra systkina og mamma hennar er ólétt í bókinni. Tóta er skýr ung stelpa og hún er gáfuð miðað við aldur.⁷³ Silja Aðalsteinsdóttir segir að þær Tóta og Heiða séu báðar yfirsjálf systkina sinna. Þær eru stjórnsamar og reyna að halda óþekktum systkinum sínum í skefjum.⁷⁴

3.3 Sjálf í sjálfsævisögum: Frásagnarsjálf, raunverulegt sjálf og sjálf sögumannsins

Sjálf aðalpersónanna er ein tegund þeirra sjálfs sem Sidonie Smith og Julia Watson hafa greint í sjálfsævisögulegum verkum, þær kalla það *frásagnarsjálfíð* eða *sjálfíð sem sagt er frá í sögunni* (e. *the narrated "I"*).⁷⁵ Frásagnarsjálfíð eða sjálfíð sem sagt er frá í sögunni er aðalpersóna verksins og þetta er sú útgáfa sjálfsins sem sögumaðurinn kys að sýna lesendum. Aðalpersónan er ekki sú sem er að minnast atburða sögunnar eða segja frá sögunni. Sjálfíð í sögunni lifir og hrærist í fortíðinni. Sjálfsævisögur geta haft mörg söguleg sjálf.⁷⁶ Sjálfíð sem sagt er frá í *Sitji guðs englar*-þrileiknum skiptist í þrjár persónur, Heiðu, Lóa-Lóa og Öbbu hina. Heiða stendur næst raunverulega sjálfinu á yfirborðinu en samt er líklegt að allar persónurnar þrjár eigi eitthvað sameiginlegt með manneskjunni Guðrúnu Helgadóttur. Þetta er ekki eina tegund sjálfsins sem Smith og Watson nefna í bók sinni, aðrar tegundir eru

⁷¹ Silja Aðalsteinsdóttir, „Úr afahúsi til engla guðs,“ í *Í Guðrúnarhúsi*, ritstj. Brynhildur Þórarinsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell, 2005), 165.

⁷² Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind, *Almenn sálfræði*, 75.

⁷³ Silja Aðalsteinsdóttir, „Úr afahúsi til engla guðs,“ 165.

⁷⁴ Sama rit, 165.

⁷⁵ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 60–61.

⁷⁶ Sama rit, 60–61.

raunverulega sjálfið (e. *the real or historical "I"*) og sjálf sögumannsins (e. *the narrating "I"*).⁷⁷

Raunverulega sjálfið er höfundur sjálfsævisögunnar. Líf þessarar manneskju er fjölbreyttara en það sem kemur fram í sögunni. Þetta er manneskja sem til er í tíma og rúmi raunveruleikans. Hægt er að staðfesta að þetta sjálf sé til í alvörunni.⁷⁸ Guðrún Helgadóttir er raunverulega sjálf *Sitji guðs englar*-þríleiksins. Sjálf sögumannsins er nátengt raunverulega sjálfinu. Munurinn er að sjálf sögumannsins er aðeins brot af raunverulega sjálfinu. Þetta er sjálfið sem segir ævisögu sína. Oftast er sú frásögn í fyrstu persónu þó til séu dæmi um að þriðja persóna sé notuð.⁷⁹

Þriðja tegund sjálfs í sjálfsævisögulegum skrifum er sjálf sögumannsins. Sögumaður er röddin sem segir frá og talar við lesendur.⁸⁰ Þessi rödd er mismunandi í öllum verkum, hún getur verið nálæg og einlæg eða fjarlæg og köld. Ef sögumaður er kaldur og fráhrindandi segir hann frá atburðunum á hlutlausan hátt. Slíkir sögumenn eru algengastir í opinberum skýrslum, fræðigreinum eða fréttum. Í barnabókum er sögumaður yfirleitt nálægur og tekur sér sæti með lesandanum til að segja honum frá.⁸¹

Sögumaðurinn í *Sitji guðs englar* segir frá í þriðju persónu, hann er nálægur og hefur takmarkað sjónarhorn. Oftast segir hann aðeins frá hugsunum og sjónarhorni aðalpersóna en af og til lítur hann inn í hug annarra persóna og segir hvað þeim finnst um ákveðna hluti. Til dæmis kemur fram hvað ömmu finnst um það þegar pabbi kemur í land og heldur svokallaðar „morgunveislur.“ (18–20):

Henni [ömmu] fannst þessir morgnar ekki vitund góðir. Henni fannst þeir fáránlegir. Hún vissi að krakkarnir yrðu dauðsyfjaðir um miðjan dag [...]
(20).

Algengast er að sögumaður barnabóka sé með takmarkað sjónarhorn.⁸² Sögumaður með takmarkað sjónarhorn er ein tegund af þremur tegundum sögumanna í barnabókum. Hinar tvær eru alvitur sögumaður og ungur sögumaður sem talar í fyrstu persónu.⁸³ Sögumaður með takmarkað sjónarhorn segir frá sjónarhorni aðalpersónunnar en af og til virðist hann einnig vita hvað aðrar persónur hugsa. Silja Aðalsteinsdóttir nefnir í grein sinni „Raddir barnabókanna“ að fyrsta bók Guðrúnar Helgadóttur, *Jón Oddur og Jón Bjarni*, hafi sögumann með takmarkað

⁷⁷ Sama rit, 59.

⁷⁸ Sama rit, 59.

⁷⁹ Sama rit, 59–60.

⁸⁰ Silja Aðalsteinsdóttir, „Raddir barnabókanna,“ 81.

⁸¹ Sama rit, 81.

⁸² Sama rit, 91.

⁸³ Sama rit, 84–91.

sjónarhorn. Silja segir að strax í fyrstu málsgrein bókarinnar birtist hæfileiki höfundar til að sjá heiminn með augum barna, vita hvað þau hugsa og hvað þeim finnst.⁸⁴

Helsta einkenni sögumanna í barnabókum er náð samband þeirra við lesendur. Silja Aðalsteinsdóttir talar um að þetta sé eina skilyrðið fyrir sögumann í barnabókum. Sögumaðurinn þarf að leiða lesandann í gegnum söguna og því erfiðara sem efnið er, því varkárari þarf sögumaðurinn að vera. Sögumaðurinn hjálpar ungum lesendum að skilja og fást við krefjandi viðfangsefni en hann þarf að gera það með fullri virðingu fyrir lesandanum.⁸⁵ Sögumaðurinn í *Sitji guðs englar*-þríleiknum gerir þetta t.d. með því að segja frá dauða og missi frá sjónarhorni barna. Þegar skip ferst með mörgum sjómönnum í bænum lærir Heiða að lífið getur óvænt tekið enda, börn missa feður sína og hún skilur að þetta geti líka komið fyrir hana (80). Eftir þennan atburð uppgötvar Heiða hvað hún elskar föður sinn í raun mikið þrátt fyrir alla galla hans (82).

Samband sögumanns og lesenda birtist einnig í því hvernig sögumaður ávarpar þá. Barbara Wall tilgreinir þrenns konar ávörp í bók sinni *The Narrator's Voice: The Dilemma of Children's Fiction: Einfalt ávarp* (e. *single address*), *tvöfalt ávarp* (e. *double address*) og *tvíþætt ávarp* (e. *dual address*).⁸⁶ Einfalt ávarp er þegar sögumaður talar beint til barnsins og gerir ekki ráð fyrir fullorðnum lesanda.⁸⁷ Þegar sögumaður notar tvöfalt ávarp gerir sögumaðurinn hins vegar ráð fyrir fullorðnum lesendum. Höfundar þurfa að nota tvöfalda ávarpið varlega og tala ekki niður til barnsins.⁸⁸ Með tvíþættu ávarpi er átt við að sögumaður tali bæði til fullorðinna og barna í einu. Sögumaðurinn gefur lesendum tækifæri til að fylla í eyður textans á mismunandi hátt.⁸⁹ Guðrún Helgadóttir notar tvíþætt ávarp í *Sitji guðs englar*-þríleiknum, til dæmis þegar sagt er að mamma og pabbi laumist upp á loft saman (20) og þegar talað er um „ástandið“ (t.d. 59 og 77).⁹⁰ Tvíþætta ávarpið er merki um góða barnabók því eins og Silja Aðalsteinsdóttir hefur sagt kunna bestu barnabókahöfundarnir að nota tvíræðni og margræðni á slíkan hátt að það hæfi börnum.⁹¹

⁸⁴ Sama rit, 91.

⁸⁵ Sama rit, 81.

⁸⁶ Barbara Wall, *The Narrator's Voice: The Dilemma of Children's Fiction* (New York: Palgrave Macmillan, 1991), 9.

⁸⁷ Silja Aðalsteinsdóttir, „Raddir barnabókanna,“ 82.

⁸⁸ Sama rit, 82.

⁸⁹ Sama rit, 82.

⁹⁰ Á tíma seinni heimsstyrjaldarinnar var talað um „ástandið“ og vísaði það til samneytis íslenskra stúlkna við erlenda hermenn. Sjá Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin: Stríðið um konurnar 1940–1941,“ *Saga* 51, nr. 2 (2013): 92–93, sótt 29. apríl 2021, <https://timarit.is/page/7006101#page/n91/mode/2up>.

⁹¹ Silja Aðalsteinsdóttir, „Raddir barnabókanna,“ 99.

Í öllum bókmenntaverkum er sjónbeining notuð þegar sögumaður býr til síu fyrir persónur sögunnar þannig að hún skilur minna en lesandinn.⁹² Gott dæmi um sjónbeingu er í *Saman í hring* þegar Lóa-Lóa heyrir Bárð í útgerðinni gráta við gröf Lása sem lést þegar það kviknaði í bát við höfnina. Lóa-Lóa heyrir Bárð segja: „Ég ætlaði ekki að gera þetta“ (185). Lesendur og aðrar persónur í sögunni skilja að Bárður finnur fyrir sektarkennd af því að hann kveikti sjálfur í bátinum. Lóa-Lóa skilur þetta hins vegar ekki (187).

Í þrileik Guðrúnar segir hún frá æsku sinni og endurtúlkar hana eins og dæmigert er fyrir sögumenn í sjálfsævisögum og bernskuminningum. Sögumenn sjálfsævisagna þurfa að lesa í og túlka lífsreynslu sína. Þetta er ein leið sem rithöfundar nota til að kynnast sjálfum sér betur.⁹³ Endurtúlkunin er þó gerð á enn meiri skapandi hátt í *Sitji guðs englar*-þrileiknum en í hefðbundinni sjálfsævisögu. Guðrún blandar saman sannleik og skáldskap í sögunni og gerir hana að skáldævisögu. Því er sögumaður þrileiks Guðrúnar ekki dæmigerður fyrir sögumenn sjálfsævisagna.

Lesendur þurfa að treysta því að sögumenn sjálfsævisagna segi sannleikann. Sögumenn þurfa að vera sannfærandi en lesendur geta fyrirgefið óviljandi lygi.⁹⁴ Sögumaður þrileiksins *Sitji guðs englar* þarf hins vegar ekki að sannfæra lesendur um að hann sé að segja sannleikann vegna þess að sagan er gefin út sem hefðbundin skáldsaga. Ekkert gefur til kynna að sagan sé sönn og lesandi getur ekki vitað að Guðrún byggir söguna á æsku sinni. Þó að lesandi viti að sagan sé byggð á barnæsku rithöfundar er aldrei hægt að vita nákvæmlega hver sannleikurinn er. Raunverulega sjálfið, Guðrún, túlkar æsku sína og segir frá. Hin sjálfín í sögunni eru útgáfur af raunverulega sjálfinu og túlkanir. Sögumaðurinn túlkar og segir frá æsku sinni. Frásagnarsjálfín, Heiða, Lóa-Lóa og Abba hin, eru útgáfur af sjálfinu sem eiga aðeins heima í söguheiminum.

⁹² Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 27

⁹³ Smith og Watson, *Reading autobiography*, 27.

⁹⁴ Smith og Watson, *Reading autobiography*, 28–32.

4. Fegrun æskunnar: Barnabókmenntir og bernskuminningar

Á þriðja og nýjasta tímabili fræðimanna sem rannsakað hafa sjálfsævisögur er áherslan lögð á söguna sjálfa. Fyrstu fræðimenn þriðju kynslóðarinnar voru *formgerðarsinnar* (e. *structuralists*). Þeir skoðuðu byggingu sjálfsævisagna og einkenni þeirri. Þeir gagnrýndu einnig þá áherslu sem fyrri fræðimenn lögðu á sannleikann því allar sjálfsævisögur eru að einhverju leyti skáldaðar. Þessir fræðimenn lögðu frekar áherslu á söguna og skoðuðu hvað hún hefur upp á að bjóða fyrir lesendur. Sem dæmi um fræðimenn sem tilheyra þessari kynslóð má nefna Janet Varner Gunn. Helsta kenning hennar er sú að rithöfundar sjálfsævisagna lesi í og túlki sitt eigið líf og að lesendur sjálfsævisagna geti lært ýmislegt um líf sitt þegar það les sjálfsævisögur annarra.⁹⁵ Hér verður því fjallað um *Sitji guðs englar*-þrileikinn út frá því hvernig saga hún er og ályktað um þann lærdóm sem hægt er að draga af henni.

4.1 *Sitji guðs englar* sem barnabók

Bókaflokkurinn *Sitji guðs englar* tilheyrir nokkrum bókmenntagreinum en fyrst og fremst hafa bækurnar verið flokkaðar sem barnabækur. Fræðimenn hafa deilt um hvernig skilgreina megi barnabókmenntir og hvað greini þær frá fullorðinsbókmenntum.⁹⁶ Jafnvel er deilt um hvort réttlætánlegt sé að greina barnabækur frá fullorðinsbókum. Sumir segja að þessi skipting sé tilbúningur bókaútgefenda en aðrir telja að mikill munur sé á barna- og fullorðinsbókum.⁹⁷

Þrjú viðhorf eru ríkjandi um það hvort munur sé á barnabókum og fullorðinsbókum. Fyrsta skoðunin er sú að barnabækur séu ekki til. Þeir sem halda þessu fram telja að enginn munur sé á barnabókum og fullorðinsbókum annar en markaðslegur. Rithöfundurinn Friðrik Erlingsson sem skrifaði *Benjamín dúfa* er sammála þessu.⁹⁸ Honum finnst þessi stimpill á bókina og sjálfan sig sem barnabókahöfund vera íþyngjandi og óþarfi.⁹⁹ Önnur skoðun er sú barnabækur séu til en þær eigi margt sameiginlegt með fullorðinsbókum og hægt væri að kalla þær „minni“ fullorðinsbækur. Eini munurinn á þessum tveimur flokkum er þá hvort rithöfundarnir skrifi bókina með börn eða fullorðna í huga.¹⁰⁰ Þriðja skoðunin er að barnabækur séu til og að þær séu ólíkar fullorðinsbókum. Samkvæmt þessu eru barnabækur sérstakt bókmenntasvið sem

⁹⁵ Smith, *A Poetics of Women's Autobiography*, 5–6.

⁹⁶ Sja Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn. Íslenskar barnabókmenntir verða til* (Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskólaútgáfan, 2015), 11–21.

⁹⁷ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 17–18.

⁹⁸ Kristján Jóhann Jónsson, „Segjum börnunum sögur. Börnin eru viðamikil og mikilvægur hluti af lífi okkar“ viðtal við Silju Aðalsteinsdóttur, Sigrúnu Eldjárn og Friðrik Erlingsson, *Vikublaðið* 17 (desember 1992), 12. Sótt 16. apríl 2021 af <https://timarit.is/page/3637192#page/n11/mode/2up>

⁹⁹ Dagný Kristjánsdóttir, *Bókabörn*, 14.

¹⁰⁰ Sama rit, 18.

hefur sérstök einkenni.¹⁰¹ Öll þessi viðhorf hafa vægi í umræðunni um barnabókmenntir og rök eru fyrir öllum. Hvert sem álit fólks er, er mikilvægt að líta ekki niður á barnabækur og allir ættu að lesa þær.

Þríleikurinn *Sitji guðs englar* eru flokkaður sem barnabækur vegna þess að aðalpersónurnar eru börn og hann hefur mörg önnur einkenni barnabóka. Bækurnar eru einnig markaðssettar sem barnabækur og líta þannig út, hafa litríkar forsiður og eru myndskreyttar. Eitt einkenni barnabóka er að höfundur textans gerir ráð fyrir að börn og fullorðnir lesi textann. Þetta kallast tvíþætt ávarp eins og þegar hefur verið fjallað um í 3. kafla.

Hægt er að flokka barnabækur í undirflokka eða bókmenntagreinar og því eru þær eins fjölbreyttar og fullorðinsbækur. Undirflokkarnir eru margir þeir sömu og flokkar fullorðinsbóka.¹⁰² Þetta á við *Sitji guðs englar*-þríleik Guðrúnar Helgadóttur því ekki eru nóg að setja þær í flokk barnabóka. Til dæmis er hægt að setja þríleikinn í flokka *telpu-* eða *stelpubóka* (e. *girls' series books*)¹⁰³ og *sögulegra skáldsagna*.

Barnabækur sem eru sögulegar skáldsögur eða fortíðarsögur voru vinsælar eftir stríð vegna þess að eflaust hefur verið léttara að skrifa um æsku og fortíðina en erfiðan raunveruleika fullorðinna í nútímanum.¹⁰⁴ En sögulegar frásagnir hafa lengi verið vinsælar í íslenskri bókmenntasögu og sem dæmi má nefna Hjaltabækurnar eftir Stefán Jónsson. Þær bækur komu út á árunum 1948–1951 en sagan á sér stað upp úr aldamótunum.¹⁰⁵ Silja Aðalsteinsdóttir hefur nefnt tímabilið 1930–1979 gullöld íslenskra barnabókmennta.¹⁰⁶ Þríleikur Guðrúnar er skrifaður eftir gullöld íslenskra barnabóka, á tímabili félagslegs raunsæis. Bækur á þessu tímabili áttu að endurspeglar nútímasamfélag og hversdag venjulegra barna.¹⁰⁷ *Sitji guðs englar*-þríleikurinn segir vissulega frá hversdegi barna en ekki á ritunartímanum. Það er vegna þess að bækurnar falla í flokk bernsku- eða æskuminninga.

¹⁰¹ Sama rit, 20–22.

¹⁰² Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 18.

¹⁰³ Sjá um einkenni stelpubóka: Carolyn Carpan, *Sisters, Schoolgirls and Sleuths: Girls' Series Books in America* (Plymouth: Scarecrow Press, 2009).

¹⁰⁴ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 192.

¹⁰⁵ Hjaltabækurnar eru þrjár: *Sagan af Hjalta litla* (1948), *Mamma skilur allt* (1950) og *Hjalti kemur heim* (1951).

¹⁰⁶ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 192.

¹⁰⁷ Margrét Tryggvadóttir, „Félagslegt raunsæi,“ í *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson (Reykjavík: Mál og menning, 2006), 316.

4.2 Bernskuminningar Guðrúnar Helgadóttur

Bernskuminningar eru fallegar og hjartnæmar sögur sem fullorðið fólk segir um æsku sína. Þær eru oft í léttum dúr en hafa þó oft tregablandinn undirtón.¹⁰⁸ Bernskuminningar geta flokkast sem ein tegund ævifrásagna því í þeim segja rithöfundar frá broti af lífi sínu. Rithöfundar velja eflaust að skrifa æskuminningar sínar vegna þess að þær eru ekki jafn alvarlegar og hversdagslegar og minningar fullorðinsáranna. Æskan er full af sterkum tilfinningum, bæði slæmum og góðum, og áhugavert er að rifja upp bernskuminningar.¹⁰⁹ Guðrún Helgadóttir feugar og gerir barnæsku að vissu leyti rómantíska í þrileiknum. Sagan lýsir ævintýralegrri og skemmtilegrri æsku en samt sem áður eru sterkar tilfinningar eins og sorg og tregi áberandi í bókunum. Sorg kemur sérstaklega fram þegar Birgir Björn, vinur Heiðu, ferst í sjóslysi í annarri bókinni (133). Sagt er frá missinum og sorg Heiðu frá sjónarhorni Lóu-Lóu. Hún er sjálf sorgmædd yfir dauðanum en henni finnst sorg Heiðu svo hræðileg að það lítur henni líða verr (134–135). En sorg er ekki eina tilfinningin í bókunum því gleði er líka áberandi.

Síðasta bókin er sérstaklega gott dæmi um feugar og gleði, því eins og Silja Aðalsteinsdóttir segir í ritdómi sínum um bókina er Abba hin hamingjubarn og framtíðarvon þrileiksins.¹¹⁰ Abba hin hefur ríkt ímyndunarafli og hún er svo opin og frjáls manneskja að hún gerir alla í kringum sig glaða. Hún fær t.d. kaupmanninn Manna til að gefa sér grænar baunir frítt til að hafa með bjúgunum bara af því að hún skemmtir honum (222).

Í greininni „Vígólína undir klaustri: Um minningasögur Guðrúnar Helgadóttur“ fjallar Birna Bjarnadóttir um *Sitji guðs englar*-þrileikinn. Þar segir hún að Guðrún segi frá raunveruleikanum en að hún hafi gert sér grein fyrir því að það sé sleipt hugtak. Í stað þess að halda því fram að raunveruleikinn sé algildur sannleikur leyfir hún lesendum að halda að sagan sé skáldskapur. En hún segir samt sem áður frá lífinu eins og það er og hreinsar ekki söguna fyrir augu barna, þar er sagt frá raunveruleika stríðsáranna eins og hann var.¹¹¹

Bernskuminningar eiga sér stað á ákveðnum stað og á ákveðnum tíma. Þær eru jarðbundnar sögur en ekki fantasískar.¹¹² Þetta á allt við um *Sitji guðs englar*-þrileikinn sem á sér stað á stríðsárunum og eftir stríð í Hafnarfirði. Sagan er jarðbundin því hún segir frá hversdagslífi barna á þessum tíma.

Annað einkenni bernskuminninga er að þær eru smásögur. Þetta eru ekki langar sögur sem hafa samhengi og uppbyggingu skáldsagna. Þær hafa oftast sömu aðalpersónuna og eru þess

¹⁰⁸ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 102.

¹⁰⁹ Sama rit, 102.

¹¹⁰ Silja Aðalsteinsdóttir, „Þrjár systur,“ 117.

¹¹¹ Birna Bjarnadóttir, „Vígólína undir klaustri,“ 94.

¹¹² Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 102.

vegna ólíkar ævintýrum og þjóðsögum. Þetta á ekki við um þrileik Guðrúnar þar sem hver bók er skáldsaga sem hefur upphaf, miðju og endi. Bækurnar hafa einnig hver sína aðalpersónuna, sem ekki er algennt í bernskuminningum.

Í íslenskri bókmenntasögu hafa bernskuminningar verið vinsælar frá því snemma á 20. öld. Sem dæmi má nefna Nonnabækurnar eftir Jón Sveinsson (1857–1944).¹¹³ En einnig má nefna Jón Trausta (1873–1918) og Sigurbjörn Sveinsson (1878–1950) sem skrifuðu um bernskuminningar sínar í tímarit um aldamótin.¹¹⁴ Þessar sögur varpa oft ljósi á nútímasamfélag ásamt því að veita innsýn í fortíðina.

4.3 Mikilvægi sögunnar

Flestir eru sammála því að barnabækur ættu að hafa boðskap og vera siðferðislega uppbyggilegar.¹¹⁵ Þrileikurinn *Sitji guðs englar* fjallar um ýmis mikilvæg málefni og lesendur geta lært af sögunni. Í bókunum er sagt frá stéttaskiptingu, dauða, fordómum og kynþroska. Þetta síðastnefnda kemur aðallega fram í *Saman í hring*. Í *Saman í hring* er umræðan um kynþroskann bein og opinská. Amma segir Lóa-Lóa að Heiða sé að breytast og þroskast og Lóa-Lóa skilur ekki fyrst hvað amma á við (97). Í bókinni er sagt frá því þegar Heiða byrjar á blæðingum. Lóa-Lóa og Abba hin skilja ekki hvað er í gangi og mamma útskýrir fyrir þeim hvað blæðingar eru (174–176). Þetta er mjög mikilvæg umræða í barnabók. Ef til vill er þetta í fyrsta skipti í íslenskri barnabók sem skrifað er um það þegar barn lærir um blæðingar og að þær séu eðlilegar. Umræðan um kynþroska er ekki það eina mikilvæga sem rætt er um í *Sitji guðs englar*.

Margrét Tryggvadóttir heldur því fram í *Íslenskri bókmenntasögu V* að bækur Guðrúnar fái lesendur sína til að hugsa um samfélagið án þess að stjórnmalaskoðanir hennar séu áberandi.¹¹⁶ *Sitji guðs englar* fjallar um íslenskt þjóðfélag á tímum mikilla breytinga og sagt er frá sjómannsfjölskyldu. Slíkar fjölskyldur voru og eru mikilvægur hluti af íslensku samfélagi en þær hafa ekki verið áberandi í barnabókum.¹¹⁷ Heiða tilheyrir sjómannsfjölskyldu og þó að hún óski þess að fjölskylda sín væri merkilegri, hrædist hún ekki þá sem tilheyrja hærri stétt. Þetta kemur fram þegar Marteinn í bæjarstjórninni og Brandur læknir sitja á fremsta bekk á jólaskemmtun í skóla Heiðu. Þá segir hún að hún sé ekki hrædd við þá og er sannfærð um að

¹¹³ Sjá um Nonnabækurnar og bernskuminningar: Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar barnabækur 1780–1979*, 110–117.

¹¹⁴ Silja Aðalsteinsdóttir, *Íslenskar Barnabækur 1780–1979*, 103–107.

¹¹⁵ Dagný Kristjánsdóttir, „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn,“ 14.

¹¹⁶ Margrét Tryggvadóttir, „Félagslegt raunsæi,“ 327.

¹¹⁷ Sama rit, 331.

hún sé jafn merkileg og þeir eða jafnvel merkilegri (60). Hér kemur fram sú hugmynd að allar manneskjur séu merkilegar og það skipti ekki máli hvaða stétt fólk tilheyri. Stéttamunur skiptir hins vegar ömmu systranna miklu máli. Hún hneykslast mikið á vali dóttur sinnar á eiginmanni og vildi að hún hefði ekki gifst sjómanni (24).

Fjölskyldan í sögunni verður einnig fyrir fordómum. Dæmi um fordóma er í *Sænginni yfir minni* þegar búið er að gera við grindverkið fyrir framan hús fjölskyldunnar og setja niður blómabeð. Þá stoppa konur fyrir framan húsið og ein segir: „Það getur þetta þó það hlaði niður krökkum eins og kanínur.“ Abba hin heyrir þetta og spyr sakleysislega: „Finnst ykkur þau [blómin] ekki falleg?“ (267). Þá flýta konurnar sér í burtu og Abba hin skynjar að eitthvað hafi verið undarlegt við þetta því hún segir að konurnar séu ekki góðar konur og að þær séu gráar. Henni finnst eins og að hún eigi að vera hrædd en hún veit ekki af hverju (267). Foreldrarnir eru hér dæmdir fyrir að eignast mörg börn en Abba hin er svo sátt við lífið og tilveruna að hún lætur álit annarra ekki trufla sig.

Lesendur geta lært af bókunum að vera þakklátir fyrir lífið og að sætta sig við ófullkomna fjölskyldu. Þetta er boðskapur bókanna. Heiða þarf að læra þetta í fyrstu bókinni og í lok bókar sættir hún sig við fjölskylduna og lífið (88–89). Ekki er allt fullkomið en það er allt í lagi af því Heiða er heima með fjölskyldunni sem hún elskar og ekki eru allir svona heppnir að eiga stóra og góða fjölskyldu (88–89). Þessi boðskapur kemur einnig fram í seinni bókunum. Lóa-Lóa er sjálf sátt við lífið og tilveruna en hún kynnist því hvað dauðinn getur komið skyndilega þegar Birgir Björn deyr (133–137). Í síðustu bókinni kynnist Abba hin einnig missi þegar listakonan Agnes, vinkona afa hennar, er handtekin og send í fangelsi í Danmörku. Hún hafði lent í vafasömum félagsskap í stríðinu og flúið til Íslands áður en lögreglan náði henni. Þetta þykir Öbbu hinni mjög sorglegt (284–287).

Lokaorð

Hver eining þrenningar sjálfsævisögunnar, ævi, sjálf og saga, kemur við sögu í þríleiknum *Sitji guðs englar*, *Saman í hring* og *Sænginni yfir minni* eftir Guðrúnu Helgadóttur. Ævin og raunveruleiki sögunnar er ef til vill sá hluti sögunnar sem skiptir minnstu máli. Vissulega fjallar sagan um einn hluta ævinnar, bernskuna og hún er byggð á raunveruleikanum. En við getum aldrei verið viss um hvað sé satt og hvað ekki. Þetta er eitthvað sem hægt er að segja um allar sjálfsævisögur því minnið er svikult og sannleikurinn ótraustur. Því er betra að nota hugtakið skáldævisaga, þar sem viðurkennt er að sannleikanum er slegið saman við skáldskap.

Áhugavert er að skoða sjálfið í *Sitji guðs englar*, og þá sérstaklega frásagnarsjálfið sem skiptist í þrennt, Heiðu, Lóu-Lóu og Öbbu hina. Guðrún á mest sameiginlegt með Heiðu, sem gæti kallast yfirsjálf bókanna. Hennar skoðanir eru mest áberandi í sögunum og hún þarf að hafa stjórn á systkinum sínum. Systurnar eru svokallaðar hóppersónur því saman mynda persónueinkenni þeirra eina áhugaverða, flókna og spennandi persónu.

Sagan er barnabók sem hefur margt upp á að bjóða fyrir lesendur. Þetta eru bernskuminningar Guðrúnar sem eru settar í skáldskaparbúning og eru þannig fegraðar. Samt sem áður er fjallað um alvarlega hluti eins og dauða, missi, fordóma, stéttaskiptingu og almennt um líf Íslendinga á stríðsárunum og eftirstríðsárunum.

Freistandi er að kalla þríleikinn *Sitji guðs englar* sjálfsævisögu þar sem Guðrún byggir söguna á barnæsku sinni. Vissulega væri hægt að kalla hann sjálfsævisögu í einföldustu merkingu orðsins þar sem Guðrún er sjálf að segja frá barnæsku sinni, sem er hluti af ævinni. Þó myndi þríleikurinn falla betur í flokk bernskuminninga eða skáldævisagna því Guðrún setur raunveruleikann í skáldsögulegan búning. Jafnvel væri hægt að slá hugtökunum tveimur saman og kalla þríleikinn „skáldbarnabók“. Áhugavert er þó að skoða söguna út frá sjónarhorni sjálfsævisagnafræða þrátt fyrir að hugtakið eigi ekki fullkomlega við *Sitji guðs engla*.

Rannsóknarsaga sjálfsævisagnafræði skiptist í þrennt og á hverju tímabili var lögð áhersla á einn þátt í þrenningu sjálfsævisagna, ævi, sjálf og sögu.¹¹⁸ Þessi ritgerð var byggð á þessari skiptingu. Í fyrsta kafla var fjallað um sjálfsævisögur, uppruna þeirra og einkenni. Þessi einkenni voru borin saman við *Sitji guðs englar*-þríleikinn. Einnig var þríleikurinn greindur eins og fræðimenn fyrstu kynslóðar sjálfsævisagnafræða hefðu gert, með því að bera saman æsku Guðrúnar og söguna. Í fyrsta kafla voru hugtökin skáldævisaga og ævigoðsögn einnig skoðuð og þau borin saman við þríleik Guðrúnar. Hugtakið skáldævisaga vísar til þess að

¹¹⁸ Sidonie Smith, *A Poetics of Women's Autobiography*, 3–19.

sannleikur og skáldskapur séu slegin saman og Soffía Auður Birgisdóttir hefur bent á að í raun séu allar sjálfsævisögur skáldævisögur þar sem aldrei er hægt að segja frá atburðum nákvæmlega eins og þeir áttu sér stað.¹¹⁹ Hægt er að nota hugtökin skáldævisaga og ævigoðsögn, um *Sitji guðs englar*-þríleikinn. Ævigoðsagnagerð vísar til þess þegar rithöfundar slá saman sannleika og skáldskap og búa þannig til óraunsæja mynd af sjálfum sér sem verður að goðsögn í samfélaginu.¹²⁰ Þetta gerir Guðrún í *Sitji guðs englar* þegar hún skrifar um persónuna Heiðu. Heiða virðist vera hið fullkomna barn, henni gengur vel í skólanum og hún sér að miklu leyti um systkini sín. Flestir Íslendingar þekkja Heiðu.

Í öðrum kafla var fjallað um sjálfíð sem var í forgrunni annarrar kynslóðar sjálfsævisagnafræðinga. Smith og Watson skilgreina tegundir sjálfa sem koma við sögu í sjálfsævisögum. Það eru raunverulega sjálfíð, sjálf sögumannsins og frásagnarsjálfíð.¹²¹ Raunverulega sjálf *Sitji guðs englar*-þríleiksins er rithöfundurinn og stjórnmalakonnan, Guðrún Helgadóttir sem til er í raunveruleikanum. Sjálf sögumannsins er Guðrún sem segir söguna. Sögumaðurinn í *Sitji guðs englar* segir frá í 3. persónu á einlægan hátt svo að sagan er bæði skemmtileg fyrir börn og fullorðna. Frásagnarsjálfíð eru aðalpersónur þríleiksins, Heiða, Lóa-Lóa og Abba hin. Þær eru systur sem hafa allar sín persónueinkenni og saman mynda þær eitt heilsteypt sjálf. Heiða er yfirsjálf systkina sinna því hún sér um að þau hegði sér vel og er eins konar móðurfigúra.

Í þriðja kafla var fjallað um söguna sjálfa, því nýjasta kynslóð sjálfsævisagnafræða hafa lagt áherslu á hana. Þríleikurinn er barnabók sem einnig fellur í flokkinn bernskuminningar. Hugtakið er náskýlt skáldævisögunni þar sem aðeins er fjallað um einn hluta ævinnar, í þessu tilviki æskuna, og hann settur í skáldlegan búning. Yfirleitt felst skáldskapur bernskuminninga í því að fegra æskuna en þær hafa samt sem áður oft yfir sér angurværan blæ. Bernskuminningar fá lesendur til að hugsa um samfélag sitt og bera það saman við fortíðina. Þetta gerir *Sitji guðs englar*-þríleikurinn og ýmislegt er hægt að læra af sögunni. Sagan kennir lesendum að vera þakklátir og sáttir við fjölskyldu sína, lífið og tilveruna.

¹¹⁹ Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, 57.

¹²⁰ Sama rit, 41.

¹²¹ Smith og Watson, *Reading Autobiography*, 59.

Heimildaskrá

- Aldís Unnur Guðmundsdóttir og Jörgen L. Pind. *Almenn sálfræði: hugur, heili og háttarni*. Reykjavík: Mál og menning, 2003.
- Birna Bjarnadóttir. „Vígólína undir klaustri: Um minningasögur Guðrúnar Helgadóttur.“ Í *Guðrúnarhúsi*, ritstýrt af Brynhildi Þórarinsdóttur og Dagnýju Kristjánsdóttur, 93–105. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell, 2005.
- Carpan, Carolyn. *Sisters, Schoolgirls and Sleuths: Girls' Series Books in America*. Plymouth: Scarecrow Press, 2009.
- Dagný Kristjánsdóttir. *Bókabörn. Íslenskar barnabókmenntir verða til*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskólaútgáfan, 2015.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Börn þurfa sögur og sögur þurfa börn.“ Í *Guðrúnarhúsi*, ritstýrt af Brynhildi Þórarinsdóttur og Dagnýju Kristjánsdóttur, 9–32. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell, 2005.
- Gunnþórunn Gunnarsdóttir. „Líf á bók. Um ævisögur og sjálfsævisögur.“ *Skíma: Mál gagn móðurmálskennara* 27, nr. 2 (2004): 33–36.
- Guðrún Helgadóttir: Ritþing 25. september 1999*. Reykjavík: Menningarmiðstöðin Gerðuberg, 1999.
- Guðrún Helgadóttir. *Sitji guðs englar, Saman í hring, Sænginni yfir minni*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2015.
- Guðrún Helgadóttir. „Ógleði og glötuð kynslóð.“ í *Stríð og söngur*, ritstýrt af Matthíasi Viðari Sæmundssyni. Reykjavík: Forlagið, 1985: 9–36.
- Margrét Tryggvadóttir. „Félagslegt raunsæi.“ Í *Íslenskri bókmenntasögu V*, ritstýrt af Guðmundi Andra Thorssyni, 315–332. Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- Ommundsen, Åse Marie. „Competent Children: Childhood in Nordic Children's Literature from 1850 to 1960.“ Í *Nordic Childhoods, 1700-1960: From Folk Beliefs to Pippi Longstocking*, ritstýrt af Reidar Aasgaard, Marcia Bunge og Marethe Roos, 283–302. New York: Routledge, 2017.
- Ragnhildur Richter. *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1997.
- Smith, Sidonie. *A Poetics of Women's Autobiography: Marginality and the fictions of self-representation*. Bloomington: Indiana University Press, 1987.
- Smith, Sidonie og Julia Watson. *Reading Autobiography: A Guide for Interpreting Life Narratives*. Minneapolis: University of Minnesota Press, 2001.
- Silja Aðalsteinsdóttir. *Íslenskar barnabækur 1780–1979*. Reykjavík: Mál og menning, 1981.

Silja Aðalsteinsdóttir. „Meira úr afahúsi.“ Ritdómur um *Sitji guðs englar*. *Tímarit Máls og menningar* 45, nr. 3 (1984): 348–352. Sótt 20. apríl 2021.

<https://timarit.is/page/6292584#page/n117/mode/2up>

Silja Aðalsteinsdóttir. „Úr afahúsi til engla guðs.“ Í *Í Guðrúnarhúsi*, ritstýrt af Brynhildi Þórarinsdóttur og Dagnýju Kristjánsdóttur, 157–170. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Vaka-Helgafell, 2005.

Silja Aðalsteinsdóttir. „Þrjár systur.“ Ritdómur um *Sitji guðs englar*-þríleikinn. *Tímarit Máls og menningar* 49, nr. 1 (1988): 113–118. Sótt 5. apríl 2021.

<https://timarit.is/page/6296386#page/n121/mode/2up>

Soffía Auður Birgisdóttir. „Skáldævisagan: Tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein.“ *Skíma: Mál gagn móðurmálskennara* 27, nr. 2 (2004): 41–44.

Soffía Auður Birgisdóttir. *Ég skapa – þess vegna er ég: Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna, 2015.

Stephen Spender. „Confessions and Autobiography.“ Í *Autobiography: Essays Theoretical and Critical*, ritstýrt af James Olney, 115–122. New Jersey: Princeton University Press, 1980.

Sæmundur Guðvinsson. „Ég þekkti þennan mann af afspurn.“ Viðtal við Guðrúnu Helgadóttur. Sjómannablaðið *Vikingur*, nr. 4 (1998): 34–37. Sótt 19. mars 2021.

<https://timarit.is/page/4253169#page/n33/mode/2up>

Þór Whitehead. „Ástandið og yfirvöldin: Stríðið um konurnar 1940-1941.“ *Saga* 51, nr. 2 (2013): 92–142. Sótt 29. apríl 2021. <https://timarit.is/page/7006101#page/n91/mode/2up>.

Wall, Barbara. *The Narrator's Voice: The Dilemma of Children's Fiction*. New York: Palgrave Macmillan, 1991.